



## ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Starfsmaður fræðslumála fyrir hönd hreppsnefndar Kjósarhrepps og undirritað dagforeldri gera með sér svofelldan þjónustusamning:

1. Kjósarhreppur greiðir dagforeldri mánaðarlega, í ellefu mánuði á ári, fjárhæð vegna dvalar barna sem eru með lögheimili í Kjósarhreppi hjá dagforeldri, sem uppfyllir leyfi sveitarfélags til daggæslu barna í heimahúsi, bæði hvað varðar gæði og búnað.
2. Greitt er með hverju barni, sem vistast hjá dagforeldri. Greiðslur hefjast í mánuðnum sem barnið verður 9 mánaða. Greiðslur vegna barna einstæða foreldra hefjast í mánuðnum sem barnið verður 6 mánaða.
3. Hreppsnefnd ákveður niðurgreiðslu til dagforeldra og gjald foreldra hverju sinni og birtist það í gjaldskrá sem gefin er út 1. janúar ár hvert og gildir í eitt ár í senn.
4. Falli þjónusta dagforeldra niður vegna veikinda dagforeldris skal fara með það í samræmi við samræmdar reglur viðkomandi sveitarfélags. Framlag Kjósarhrepps fellur ekki niður vegna veikinda í allt að 10 daga á starfsárinu. Starfsár er frá 1. ágúst til 31. júlí.
5. Dagforeldrum er heimilt að taka leyfi frá daggæslunni í allt að þremur dögum á ári sem nýtast til endur- og símenntunar og er kveðið á um það í samræmdum reglum dagforeldra.
6. Taki dagforeldri sér leyf milli jóla og nýárs skulu þeir draga þá daga frá vistunargjaldi foreldra en greiðslur frá Kjósarhreppi skerðast ekki vegna þessara daga.
7. Gera skal þríhliða vistunarsamning um vistun milli dagforeldris, foreldra/is og Kjósarhrepps við upphaf vistunar hvers barns þar sem þjónustusamningur þessi er lagður til grundvallar. Samningurinn fellur úr gildi um leið og barnið hættir í vistun hjá dagforeldrinu eða flytur úr sveitarfélaginu.
8. Greiðslur Kjósarhrepps til dagforeldra skulu greiðast 1. virka dag hvers mánaðar. Greitt er fyrirfram. Ef barn byrjar í miðjum mánuði greiðist sá hluti mánaðarins með næsta mánuði.
12. Samningur þessi er uppsegjanlegur með mánaðar fyrirvara af báðum aðilum.

## BANKAUPPLÝSINGAR

Banki \_\_\_\_\_ Hb. \_\_\_\_\_ Reikningsnúmer \_\_\_\_\_

Kjósarhreppur \_\_\_\_\_ 20\_\_\_\_

\_\_\_\_\_ Kt. \_\_\_\_\_  
Undirskrift dagforeldris

\_\_\_\_\_  
Undirskrift starfsmanns fræðslumála

Samningnum er skilað útfylltum á skrifstofu Kjósarhrepps og þegar starfsmaður fræðslumála hefur skrifað undir hann er hann sendur í tölvupósti til dagforeldra og foreldra.

Samþykkt á 238. fundi hreppsnefndar þann 01. september. 2021

